

AUGLÝSING

149

6. sept.

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Austur-Húnavatnssýslu, frá 31. ágúst. 1940.

Í e.-lið 1. gr. gjaldskrárinnar komi allt að 20%, í stað „10%“.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 6. september 1941.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

150

9. sept.

um gjaldeyrisverzlun.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 99 frá 9. júlí 1941 er hér með sett eftirfarandi reglugerð um gjaldeyrisverzlun.

1. gr.

Allir þeir, sem eiga eða eignast erlendan gjaldeyri, á hvern þann hátt sem þeir kunna að hafa eignast hann, eru skyldir að skila honum til Landsbanka Íslands eða Útvegsbanka Íslands h.f. fyrir skráð kaupgengi.

2. gr.

Reglugerð nr. 50 14. júní 1938, um gjaldeyrisverzlun o. fl., og reglugerð um breyting á henni, nr. 71 20. maí 1941, eru áfram í gildi.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. reglugerðar þessarar varðar sektum allt að kr. 50000.00, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögglumál.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 9. september 1941.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.